

## ENDURRIT ÚR FUNDARGERÐABÓK BÆJARSTJÓRNAR ÁRBORGAR

\*\*\*\*\*

**41. fundur bæjarstjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2010-2014, haldinn þriðjudaginn 30. apríl 2013 kl. 17:00 í Ráðhúsi Árborgar, Selfossi.**

Neðanskráðir bæjarfulltrúar eru mættir:

Ari Björn Thorarensen, D-lista, forseti bæjarstjórnar,  
Eyþór Arnalds, D-lista,  
Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista,  
Gunnar Egilsson, D-lista,  
Þorsteinn Magnússon, varamaður, D-lista,  
Helgi Sigurður Haraldsson, B-lista,  
Eggert Valur Guðmundsson, S-lista,  
Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista,  
Andrés Rúnar Ingason, varamaður, V-lista

Auk þess situr fundinn Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, og Rósa Sif Jónsdóttir sem ritar fundargerð.

Forseti bæjarstjórnar setti fundinn og bauð Þorstein Magnússon velkominn á sinn fyrsta bæjarstjórnarfund.

### Dagskrá:

#### I. Fundargerðir til staðfestingar

1. a) 1301008  
Fundargerð félagsmálanefndar 26. fundur frá 4. apríl
- b) 134. fundur bæjarráðs ( 1301006 ) frá 11. apríl

#### Úr fundargerð félagsmálanefndar, til afgreiðslu:

- liður 3, málsnr. 1304001 – Verklagsreglur Þjónusturáðs um styrk til náms og verkfæra- og tækjakaupa. Lagt er til að bæjarstjórn samþykki reglurnar.
- liður 4, málsnr. 1304002 – Reglur um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk. Lagt er til að bæjarstjórn samþykki reglurnar.
- liður 5, málsnr. 1304003 – Reglur um félagslega liðveislur. Lagt er til að bæjarstjórn staðfesti reglurnar.

2. a) 1301009  
Fundargerð fræðslunefndar 31. fundur frá 11. apríl
- b) 1301011  
Fundargerð íþrótt- og menningarnefndar 4. fundur frá 10. apríl
- c) 135. fundur bæjarráðs ( 1301006 ) frá 18. apríl
3. a) 1301007  
Fundargerð framkvæmda- og veitustjórnar 52. fundur frá 17. apríl
- b) 1301008  
Fundargerð félagsmálanefndar 27. fundur frá 18. apríl
- c) 1301009  
Fundargerð fræðslunefndar 32. fundur frá 22. apríl
- d) 136. fundur bæjarráðs ( 1301006 ) frá 24. apríl

- liður 1 b) Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 11. apríl, lið 7, málsnr. 1304162 – Rekstrarsamningur íþróttavallasvæðis við Engjaveg 2013.

Eyþór Arnalds, D-lista, Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, og Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, tóku til máls.

- liður 1 b) Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 11. apríl, lið 10, málsnr. 1211126 – Ný samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Árborgar.

Andrés Rúnar Ingason, V-lista, Helgi S. Haraldsson, B-lista, og Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tóku til máls.

- liður 1 a) Fundargerð félagsmálanefndar frá 4. apríl – liður 3, málsnr. 1304001 – Verklagsreglur Þjónusturáðs um styrk til náms og verkfæra- og tækjakaupa. Lagt er til að bæjarstjórn samþykki reglurnar.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

- liður 1 a) Fundargerð félagsmálanefndar frá 4. apríl – liður 4, málsnr. 1304002 – Reglur um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk. Lagt er til að bæjarstjórn samþykki reglurnar.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

- liður 1 a) Fundargerð félagsmálanefndar frá 4. apríl – liður 5, málsnr. 1304003 – Reglur um félagslega liðveislu. Lagt er til að bæjarstjórn staðfesti reglurnar.

Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, og Ari Björn Thorarensen, forseti bæjarstjórnar, tóku til máls.

Lagt er til að fresta afgreiðslum reglna um félagslega liðveislu og vísa þeim aftur til félagsmálanefndar.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

- liður 2 a) Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista, tók til máls um fundargerð fræðslunefndar frá 11. apríl, lið 1, málsnr. 1209091 – Foreldrakönnun í leikskólum.

Helgi S. Haraldsson, B-lista, og Andrés Rúnar Ingason, V-lista, tóku til máls.

- liður 2 c) Helgi S. Haraldsson, B-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 18. apríl, lið 7, málsnr. 1004111 – Leigusamningur milli Sveitarfélagsins Árborgar og sjálfseignarstofnunarinnar Tryggvaskála um leigu á Tryggvaskála, og lið 8, málsnr. 1303249 – Umsóknir um rekstur Tryggvaskála.

Eyþór Arnalds, D-lista, tók til máls.

- liður 3 c) Helgi S. Haraldsson, B-lista, tók til máls um fundargerð fræðslunefndar frá 22. apríl, lið 1, málsnr. 1304233 – Viðauki við fjárhagsáætlun 2013 vegna breytinga á formgerð sérfræðiþjónustu skóla í Árborg.

Gunnar Egilsson, D-lista, Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista, Eyþór Arnalds, D-lista, Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, og Andrés Rúnar Ingason, V-lista, tóku til máls.

- liður 3 a) Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista, tók til máls um fundargerð framkvæmda- og veitustjórnar, frá 17. apríl, lið 1, málsnr. 1303238 – Viðhald á íþróttahúsi Stokkseyrar 2013.

Eyþór Arnalds, D-lista, Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, og Andrés Rúnar Ingason, V-lista, tóku til máls.

- liður 3 d) Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 24. apríl, lið 8, málsnr. 1106016 – Viðbygging við Sundhöll Selfoss, undirbúnings- og hönnunarvinna.

Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tók til máls og tók undir bókun Eggerts Vals Guðmundssonar frá 136. fundi bæjarráðs sem hljóðar svo:

„Í stað þess að samþykkja að ganga einhliða til samninga við einn aðila telur undirritaður að eðlilegra hefði verið að gera verðkönnun hjá fleiri aðilum vegna hönnunarkostnaðar vegna viðbyggingar við Sundhöll Selfoss“

Eyþór Arnalds, D-lista, Gunnar Egilsson, D-lista, og Andrés Rúnar Ingason, V-lista, tóku til máls.

- liður 3 d) Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 24. apríl, liði 11, málsnr. 1303007, 12, málsnr. 1209046 og 13, málsnr. 1303004 – Umsóknir í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða 2013.
- liður 3 d) Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 24. apríl, lið 5, málsnr. 1303249- Umsóknir um að taka Tryggvaskála á leigu fyrir rekstur og lagði fram eftirfarandi bókun:

„Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar fagna því sérstaklega að búið sé að staðfesta leigusamning um framtíðarfyrirkomulag rekstrar á Tryggvaskála á Selfossi. Það hefur verið baráttumál bæjarfulltrúa Samfylkingarinnar um langt árabíll að koma Tryggvaskála í þá notkun sem hæfir þessu sögufræga húsi sem hefur svo ómetanlegt menningarlegt gildi fyrir sveitarfélagið. Það er mat undirritaðra að með tilkomu þessa samnings höfum við fengið mikilvæga viðbót við hina sívaxandi ferðaþjónustu í sveitarfélaginu. Undirrituð óska rekstraraðilum góðs gengis í þessu nýja verkefni.“

Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista

Eggert Valur Guðmundsson, S-lista.

Andrés Rúnar Ingason, V-lista, tók til máls.

Fundargerðirnar voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða að undanskildum þeim liðum sem áður höfðu verið samþykktir.

## **II. 1304347 Ársreikningur 2012 – fyrri umræða**

Eyþór Arnalds, D-lista, og Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, fylgdu ársreikningi úr hlaði og lögðu fram svohljóðandi greinargerð:

### **Greinargerð með ársreikningi Sveitarfélagsins Árborgar árið 2012**

Ársreikningur Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árið 2012 er lagður fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn þriðjudaginn 30.apríl 2013. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal fjalla um ársreikninginn á tveimur fundum í sveitarstjórn og verður seinni umræðan í bæjarstjórn miðvikudaginn 15.maí 2013.

### **Inngangur**

Rekstrarafkoma Sveitarfélagsins Árborgar árið 2012 er mjög góð þrátt fyrir talsverða verðbólgu og há fjármagnsgjöld. Hagnaður af rekstri fyrir fjármagnsgjöld og afskriftir (EBITDA) nemur 1.179 millj.kr. sem er 238 millj.kr. betra en áætlanir gerðu ráð fyrir. Fjármagnsgjöld vega hins vegar þungt enda var verðbólgan hærri en gert var ráð fyrir. Þrátt fyrir fjármagnsgjöld upp á 614 millj.kr. nettó og afskriftir upp á 364 millj.kr. er engu að síður afgangur upp á 200 millj.kr. fyrir skatta sem er 130 millj.kr. herra en gert var ráð fyrir í

áætlun. Tekjuskattur nemur 25 millj.kr. en rekstrarniðurstaða samstæðunnar er jákvæð um 176 millj.kr.

Stærstu umskiptin eru í greiðslugetu sveitarfélagsins en veltufé frá rekstri hækkar verulega eða úr 812 millj.kr. í 972 millj.kr. eða um 20% milli ára. Þá lækkar skuldahlutfall samstæðunnar úr 173% í 160% miðað við reglugerð 502/2012 um fjárhagsviðmið sveitarfélaga. Sveitarfélagið greiddi 812,5 millj.kr. í afborganir lána og lífeyrisgreiðslur en tók lán fyrir 351 millj.kr.. Fjárfestingar námu 652 millj.kr. sem er 88 millj.kr. umfram áætlun. Skuldir eru enn of háar og er áfram brýnt að létta á skuldum eins og kostur er á. Þá er mikilvægt að sveitarfélagið geri það sem það getur til að örva framkvæmdir og fjölga íbúum. Á árinu 2012 fjölgaði íbúum í fyrsta sinn frá árinu 2008 og var fjölgunin 0,5%.

### **Rekstur ársins 2012**

Samstæðureikningur Sveitarfélagsins Árborgar samanstendur af A-hluta og B-hluta.

Í A-hluta eru :

- Aðalsjóður
- Eignasjóður
- Þjónustustöð
- Fasteignafélag Árborgar

Í B-hluta eru :

- Byggingarsjóður aldraðra
- Fráveita
- Vatnsveita
- Leigubústaðir Árborgar
- Selfossveitur
- Björgunarmiðstöð
- Sandvíkursetur ehf.

Meginreglan er sú að í A-hluta flokkast þær rekstrareiningar sveitarfélagsins sem fjármagnaðar eru að hluta eða öllu leyti með skatttekjum en í B-hluta

flokkast þær rekstrareiningar, stofnanir og fyrirtæki sem reknar eru sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Rekstrareiningar í B-hluta hafa lagaheimild til að innheimta þjónustugjöld til þess að standa að fullu undir útgjöldum sínum.

Helstu niðurstöður rekstrar eru :

<i>Í þús.kr.</i>	<b>A-hluti</b>			<b>A- og B-hluti</b>		
	<b>2012</b>	<b>Áætlun</b>	<b>Mismunur</b>	<b>2012</b>	<b>Áætlun</b>	<b>Mismunur</b>
Rekstrartekjur	4.717.203	5.068.917	(351.714)	5.583.985	6.025.693	(441.708)
Rekstrargjöld	4.154.674	4.732.664	(577.990)	4.404.826	5.084.314	(679.488)
	562.529	336.253	226.276	1.179.159	941.379	237.780
Afskriftir	(234.863)	(244.285)	9.422	(364.066)	(397.373)	33.307
	327.666	91.968	235.698	815.093	544.006	271.087
Fjármagnsliðir, nettó	(423.704)	(346.136)	(77.568)	(614.621)	(474.814)	(139.807)
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir óreglulega liði</b>	<b>(96.038)</b>	<b>(254.168)</b>	<b>158.130</b>	<b>200.472</b>	<b>69.192</b>	<b>131.280</b>
Niðurstaða fyrir reiknaðan tekjuskatt	(96.038)	(254.168)	158.130	200.472	69.192	131.280
Reiknaður tekjuskattur	0	0	0	(24.787)	0	(24.787)
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>(96.038)</b>	<b>(254.168)</b>	<b>158.130</b>	<b>175.684</b>	<b>69.192</b>	<b>106.492</b>

Rekstrarniðurstaða A- og B- hluta er jákvæð um 175,7 millj.kr. sem er 106,5 millj.kr. betri niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir.

Heildartekjur eru 5.584 millj.kr. og heildarútgjöld með afskriftum en án fjármagnsliða 4.769 millj.kr. Að öllu samanlögðu nema heildarútgjöld með afskriftum án fjármagnsliða 85,40% af heildartekjum A- og B-hluta ársreiknings.

Fræðslu- og uppeldismál er umfangsmesti málaflokkurinn í rekstri sveitarfélagsins, tekur til sín 2.317 millj.kr. Sveitarfélagið Árborg er stór vinnuveitandi og greiðir 2.679 millj.kr. í laun og launatengd gjöld.

Útsvarstekjur eru 96,9 millj.kr. hærri en áætlun gerir ráð fyrir. Álögð fasteignagjöld eru 97,8 millj.kr. lægri en áætlun gerir ráð fyrir og má rekja það til innri viðskipta þar sem álögð fasteignagjöld eru færð niður sem nemur álagningu fasteignagjalda á eignir í eigu sveitarfélagsins og lækka því gjöld í viðeigandi málaflokkum með samsvarandi hætti. Greiðslur frá Jöfnunarsjóði eru 291,9 millj.kr. yfir áætlun. Munar þar mestu um framlag vegna yfirtöku á málefnum fatlaðs fólks eða 258 millj.kr. sem var í áætlun tekjufært undir félagsþjónustu. Greiðslur frá Jöfnunarsjóði eru því í raun 33,9 millj.kr. yfir áætlun og munar þar mestu um rekstrarframlag vegna grunnskóla eða 25,3 millj.kr.

Kostnaður umfram tekjur í málaflokkum aðalsjóðs án fjármagnsliða nemur 4.269,9 millj.kr. Áætlun gerði ráð fyrir að rekstur málaflokkanna myndi kosta 4.043,4 millj.kr. Heildarfrávik í rekstri málaflokkanna eru því óhagstæð sem nemur 226,5 millj.kr.

Jákvæð frávik eru í eftirfarandi málaflokkum : æskulýðs- og íþróttamál, brunamál og almannavarnir, hreinlætismál, sameiginlegur kostnaður og breyting lífeyrisskuldbindinga. Samtals eru þessir málaflokkar 43,7 millj.kr. undir áætlun.

Þeir málaflokkar í aðalsjóði sem eru með neikvæð frávik eru eftirfarandi : félagsþjónusta, fræðslu- og uppeldismál, menningarmál, skipulags- og byggingarmál, umferðar- og samgöngumál, umhverfismál og atvinnumál. Samtals eru þessir málaflokkar 270,2 millj.kr. yfir áætlun. Stærsta frávikid er í félagsþjónustunni sem skýrist af því, eins og áður sagði, að í áætlun var framlag Jöfnunarsjóðs vegna rekstrar sambýla og þjónustumiðstöðva fatlaðra áætlað í málafloknum.

Jákvæð frávik fjármagnsliða aðalsjóðs eru 19,6 millj.kr.

Afkoma A-hluta stofnana er 45,3 millj.kr. óhagstæðari en áætlun gerir ráð fyrir. Afkoma Eignasjóðs er lakari en áætlun sem nemur 10 millj.kr. Afkoma Þjónustustöðvar er 15,5 millj.kr. hagstæðari en áætlun og Fasteignafélag Árborgar er 50,8 millj.kr. yfir áætlun.

Frávik B-hluta félaga eru óhagstæð um 51,6 millj.kr. Frávik í Byggingarsjóði aldraðra eru óhagstæð um 5,9 millj.kr. Leigubústaðir Árborgar ehf. skila betri

afkomu en áætlun gerði ráð fyrir sem nemur 4,5 millj.kr. Fráveita er með hagstæð frávik upp á 24,3 millj.kr. Frávik Vatnsveitu eru hagstæð sem nemur 29,8 millj.kr. Selfossveitur sýna lakari afkomu en áætlun sem nemur 82,6 millj.kr. Frávik í Björgunarmiðstöð eru óhagstæð um 8,9 millj.kr. Afkoma Sandvíkurseturs ehf. var neikvæð um 12,8 millj.kr. en ekki var gert ráð fyrir því í áætlun ársins.

### Fjárfestingar

Fjárfestingar ársins námu alls 651,9 millj.kr. sem skiptast þannig: fasteignir 320,9 millj.kr., veitu- og gatnakerfi 309,5 millj.kr. og vélar, áhöld og tæki 21,5 millj.kr

### Efnahagsreikningur 31.12.2012

Samanteknar niðurstöður efnahagsreiknings birtast í töflunni hér að neðan :

<i>Í þús.kr.</i>	<b>A-hluti</b>		<b>A- og B-hluti</b>	
	<b>2012</b>	<b>2011</b>	<b>2012</b>	<b>2011</b>
<b>Eignir</b>				
Varanlegir rekstrarfjármunir	7.773.133	7.733.253	11.118.200	10.703.761
Áhættufjárm. og langt.kröfur	914.571	1.074.617	464.860	465.388
Veltufjármunir	1.418.554	1.303.340	1.066.052	1.160.655
Eignir samtals	10.106.258	10.111.210	12.649.111	12.329.803
<b>Eigið fé og skuldir</b>				
Eigið fé	1.947.003	2.130.105	3.220.404	3.002.757
Lífeyrisskuldbindingar	1.266.644	1.200.800	1.394.038	1.311.024
Langtímaskuldbindingar	4.821.324	4.975.986	6.577.101	6.669.995
Skammtímaskuldir	2.071.287	1.804.320	1.457.568	1.346.028
Skuldir og skuldb.samtals	8.159.255	7.981.105	9.428.707	9.327.047
Eigið fé og skuldir samtals	10.106.258	10.111.210	12.649.111	12.329.803

### Sjóðstreymi ársins 2012



Samanteknar niðurstöður birtast í töflunni hér að neðan :

<i>Í þús.kr.</i>	<b>A-hluti</b>		<b>A- og B-hluti</b>	
	<b>2012</b>	<b>Áætlun</b>	<b>2012</b>	<b>Áætlun</b>
Niðurstaða ársins	(96.038)	(254.168)	175.684	69.193
Veltufé frá rekstri	446.107	106.013	972.032	657.072
Handbært fé frá rekstri	495.898	205.013	1.046.908	756.072
Fjárfestingahreyfingar	(132.627)	(284.208)	(594.402)	(557.632)
Fjármögnunarhreyfingar	(447.862)	(172.426)	(554.668)	(486.837)
Hækkun, (lækkun) á handbæru fé	(84.591)	(251.621)	(102.162)	(288.397)

### Lykiltölur

Samanteknar niðurstöður birtast í töflunni hér að neðan :

<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur :</b>	<b>Bæjarsjóður A-hluti</b>		<b>Samstæða A- og B-hluti</b>	
	<b>2012</b>	<b>Áætlun</b>	<b>2012</b>	<b>Áætlun</b>
Laun og launatengd gjöld	54,8%	50,5%	48,0%	44,1%
Lífeyrisskuldbinding, breyting	0,7%	1,0%	0,5%	1,0%
Annar rekstrarkostnaður	32,6%	41,9%	30,4%	39,3%
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	11,9%	6,6%	21,1%	15,6%
Afskriftir	5,0%	4,8%	6,5%	6,6%
Fjármagnsliðir	9,0%	6,8%	11,0%	7,9%
Reiknaðir skattar	0,0%	0,0%	0,6%	0,0%
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	-2,0%	-5,0%	3,1%	1,1%
Hreint veltufé frá rekstri	9,5%	2,1%	17,4%	10,9%
Handbært fé frá rekstri	10,5%	4,0%	18,7%	12,5%
<b>Á íbúa, í þús.kr. :</b>				
Skatttekjur	519	482	515	482
Aðrar tekjur	83	165	198	287
Laun og launatengd gjöld	-334	-333	-346	-347
Annar rekstrarkostnaður	-197	-271	-217	-302
Afskriftir	-30	-31	-47	-51
Fjármagnsliðir	-54	-44	-79	-61
Rekstrarniðurstaða	-12	-32	26	9
<b>Aðrar lykiltölur</b>				
Veltufjárlutfall	0,68	0,49	0,73	0,58
Eiginfjárlutfall	19,3%	19,0%	25,5%	24,7%
Skuldahlutfall	173,0%	157,5%	168,9%	151,7%
Skuldahlutfall skv. reglugerð 502/2012	163,2%	148,4%	160,4%	143,9%
Ebitda	562.529	336.253	1.179.159	941.379

## Framtíðarsýn

Rekstur Sveitarfélagsins Árborgar er í traustum farvegi og hefur sveitarfélagið skilað hagnaði nú þrjú ár í röð þrátt fyrir erfiða tíð, háar skuldir og mikla verðbólgu. Þetta hefur tekist með samstilltu átaki kjörinna fulltrúa, starfsmanna og íbúa sem hafa sýnt þessu erfiða verki einstaklega góðan skilning. En framtíðin er ekki byggð á niðurskurði einum saman heldur miklu heldur á uppbyggingu sem nú er möguleg á grunni sjálfbærs rekstrar. Á árinu var ráðist í framkvæmdir við Sandvíkursetur, keyptar þrjár fasteignir af ríkinu vegna málefna fatlaðs fólks, hafin lagning göngu- og hjólastígs milli Stokkseyrar og Eyrarbakka og unnið í veitumannvirkjum. Á yfirstandandi ári verður hlúð að þeim vaxtarbroddi sem ferðamálin eru. Má hér nefna samning um Tryggvaskála til 10 ára, stóratæk í gerð göngu- og hjólastíga, miðbæjarskipulag á Selfossi og Eyrarbakka, viðbyggingu við Sundhöll Selfoss og endurbætur á mannvirkjum í sveitarfélaginu öllu. Aukin áhersla er á fræðslu- og tómsundastarf og er unnið að stóreflingu fræðslusviðs. Stefnt er að því að frítt verði fyrir ungmenni í innanbæjarstrætó, áfram verður frítt í sund fyrir ungmenni, aukin áhersla er á forvarnir og samstarf eflt við íþrótt- og ungmennafélög. Landsmót UMFÍ verður haldið í júlí, auk þess sem fjöldi bæjarhátíða mun festa sig enn frekar í sessi. Unnið er að nýju skipulagi fyrir Austurveg sem mun styrkja miðbæjarskipulag Selfoss og vera liður í mótvægisáðgerðum vegna framtíðarbreytinga á þjóðvegi eitt. Allt eru þetta liðir í því að Árborg verði eftirsóknarverður áningarstaður ferðamanna og búsetukostur. Fjölgun íbúa og gistinátta sýna að nú er sveitarfélagið að hefja jákvæða sókn eftir krappa vörn. Fyrirtæki og stofnanir eru að sýna í verki að þau vilja byggja upp í sveitarfélaginu. Má hér nefna uppbyggingu MS og SS á Selfossi, stórfelldar endurbætur á HSU og verknámshúsi FSU og áhuga verktaka á að byggja upp hverfi sem eru á skipulagi. Öll þessi mál og ótal fleiri hafa stuðning bæjarfulltrúa úr öllum flokkum sem hafa unnið óeigingjarnt starf fyrir sveitarfélagið og íbúa þess. Ég vil nota tækifærið og þakka kjörnum fulltrúum, starfsmönnum og íbúum fyrir að leggjast á eitt um að gera gott sveitarfélag enn betra.

Gunnar Egilsson, D-lista, Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, Eyþór Arnalds, D-lista, Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, og Helgi S. Haraldsson, B-lista, tóku til máls.

Lagt var til að ársreikningi yrði vísað til síðari umræðu miðvikudaginn 15. maí næstkomandi, var það samþykkt samhljóða.

### III. 1003170 Lögreglusamþykkt – síðari umræða

Lagt er til að eftirfarandi bætist við 31. gr. lögreglusamþykktar:

„Óheimilt er að halda í Sveitarfélaginu Árborg nýjar dýrategundir eða erlenda stofna tegunda sem hér eru fyrir nema leyfi hafi verið veitt til innflutnings á viðkomandi dýrategund eða stofni tegundar skv. lögum um innflutning dýra“.

Lögreglusamþykktin var borin undir atkvæði með framangreindri breytingu og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundargerðin lesin upp og fundi slitið kl. 18:40.

\_\_\_\_\_  
Eyþór Arnalds

\_\_\_\_\_  
Sandra Dís Hafþórsdóttir

\_\_\_\_\_  
Ari Björn Thorarensen

\_\_\_\_\_  
Gunnar Egilsson

\_\_\_\_\_  
Þorsteinn Magnússon

\_\_\_\_\_  
Helgi Sigurður Haraldsson

\_\_\_\_\_  
Eggert Valur Guðmundsson

\_\_\_\_\_  
Arna Ír Gunnarsdóttir

\_\_\_\_\_  
Andrés Rúnar Ingason

\_\_\_\_\_  
Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri

\_\_\_\_\_  
Rósa Sif Jónsdóttir, ritari